

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um sölu á eignarhlut
Landsbankans hf. í Borgun hf. og Valitor hf.

Frá Kristjáni L. Möller.

1. Hvar og hvenær voru eignarhlutir Landsbankans í Borgun hf. og Valitor hf. auglýstir til sölu?
2. Hvernig tryggði bankaráðið að hæsta verð fengist við sölu eignarhlutanna og hvaða reglur setti bankaráðið í því sambandi?
3. Fjallaði sérstök starfsnefnd um fyrirhugaða sölu eignarhluta? Ef ekki, hver eru rökkin fyrir þeirri ákvörðun?
4. Fór sala eignarhlutanna fram í samræmi við góða stjórnarhætti, þ.e. í þágu heildarhagsmuna bankans sjálfs, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins alls? Var söluferlið samkvæmt grein 2.2 í starfsreglum bankaráðs?
5. Hvaða álit gaf innri endurskoðandi bankans á sölu eignarhlutanna, í samræmi við hlutverk sitt, og hvaða umsögn gaf regluvörður bankans um sölu?
6. Var Landsbankinn með mann í stjórn Borgunar hf.?
7. Hvaða reglur settu bankastjóri og framkvæmdastjórn bankans til að tryggja hæsta verðmæti hins selda? Telur ráðherra að söluferlið hafi tryggt hæsta framtíðarverðmæti fyrir eigendur bankans?
8. Telur ráðherra að við verðmat og sölu fyrrgreindra fyrirtækja hafi bankinn beitt sömu aðferðum um gæði og verðmat og hann leggur til grundvallar við sölu fyrirtækja sem hann tekur til sölu meðferðar fyrir viðskiptavinum sínum? Hverjir unnu þau verðmöt sem gerð voru?
9. Hvers vegna sá bankaráðið ekki til þess að beitt væri þeim meginsjónarmiðum sem fram koma í 3. gr. laga um framkvæmd útboða, þó svo að lögin gildi ekki fyrir útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði?
10. Hvað var sala hlutanna rædd á mörgum bankaráðsfundum Landsbankans og var einhugur innan bankaráðs um sölu hlutanna? Hvaða tilboð bárust í eignarhlutana og frá hverjum?
11. Hverjir eru kaupendur hlutanna og hvernig skiptist eignarhald hins selda milli kaupenda?
12. Var söluverðið staðgreitt eða var tekið lán? Ef um lán var að ræða, hvaða kjör voru á því?
Óskað er eftir að aflað verði upplýsinga frá Bankasýslu ríkisins ef þörf krefur.

Skriflegt svar óskast.